

tveir ungir embættismenn í Reykjavík urðu foringjar í þeim stjórnmalaflokki sem byggði þingvald sitt á ranglátri kjördæmaskipan. Báðir unnu þeir frækna sigra í kjördæmum sínum, Eysteinn í S-Múlasýslu og Hermann í Strandasýslu. Jónas frá Hriflu sem leiddi þá til áhrifa sat aldrei í ríkisstjórn með þeim en var formaður Framsóknarflokksins frá 1934 til 1944 þegar Hermann tók við og síðan Eysteinn af honum frá 1962—1968. Eysteinn segir frá því að Gísli Guðmundsson, alþingismaður, og Þórarinn Þórarinnsson, sem enn er ritstjóri Tímans, hafi alla tíð verið „nánustu samstarfsmenn okkar Hermanns í pólitíkinni, og ævinnlega kvaddir til samráðs þegar vanda bar að höndum sem ósjaldan gerðist á langri leið.“

Stjórnin sem Hermann Jónason myndaði var dæmigerð vinstri stjórn að því leyti að stefna hennar mótaðist af því að ríkisforsjain væri best þar sem henni mætti á annað borð koma við. Upp úr saud þó milli Framsóknarflokks og Alþýðuflokks þegar hinn síðarnefndi vildi 1937 ganga að Kveldúlfi, útgerðarfyrirtæki Ólafs Thors og bræðra hans. Töldu framsóknarmenn með Eysteini í fararbroddi að þar væri of langt gengið í ríkisafskiptum. Vilhjálmur Hjálmarsson birtir á einum stað þessar setningar skáletraðar þegar hann lýsir fjármálastjórn Eysteins í fyrsta ráðuneyti Hermanns: „Hér virðist vera gengið hreint til verks að því leyti að tekjur og gjöld skuli standast á. Samþykkt eru framfarar, sem kosta peninga — og tekjuöflun á móti.“ Í þessari reglu felst einfaldlega, að stjórnmalamennirnir eigi að ákveða hvað fólkinu er fyrir bestu og síðan á fólkið að borga brúsan. Þannig var stjórnad í þá daga og telja sumir, einkum framsóknar-

menn, að landinu hafi aldrei verið betur stjórnað. Það er umhugsunarvert hve mörg af þeim ríkisfyrirtækjum sem stofnuð voru á þessum erfiðu árum eru enn starfandi, þótt aðstæður allar hafi gjörbreyst.

Töluvert er af því í bókinni að vísað sé til annarra rita og lesandanum bent á að þar sé að finna sjónarmið sem honum kynni að þykja forvitnileg. Þessi háttur á söguritun ber þess merki að hún sé stunduð til að koma ákveðnum sjónarmiðum, boðskap á framfæri. Raunar er ekki við því að búast að tveir gamlir baráttufélagar, eins og þeir Eysteinn Jónsson og Vilhjálmur Hjálmarsson eru, setjist niður á efri árum og líti yfir farinn veg og komist að þeirri niðurstöðu að kannski kynnu andstæðingarnir að hafa haft rétt fyrir sér í veigamiklu máli eins og til dæmis „eiðrofsmálinu“ svo að dæmi sé nefnt. Stundum gætir beinlínis kulda í garð annarra flokka svo sem þegar rætt er um nasista og Sjálfstæðisflokkinn. Ætti þó að vera orðið tímabært að leggja þær dylgjur til hliðar með hliðsjón af sögulegri þróun og öllum staðreyndum.

Forfeðrum Eysteins er lýst nokkuð, kosningaferðalögum, heimilishögum og dregin upp mynd af annasömum starfsdegi en samstarfsmennirnir eru tæplega annað en nöfn og skoðanir, persónulýsingar vantar. Bókin er skreytt mörgum skemmtilegum myndum. Vönduð mannanafna- og örnefnaskrá fylgir og frágangur allur er til fyrirmyndar. Bókin er 358 bladsíður lýkur 1942. Í henni er lýst upphafsárum stjórnmalamanns sem ekki má vamm sitt vita í opinberum störfum, náði ungar undirtökunum í flokki sínum og hafði áhrif á stjórn og stefnu þjóðarinnar í að minnsta kosti hálfu öld.



Vegna Ingunnar Eydal

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Listakonan Ingunnur Eydal hefur skilað því til mín, að hún noti ekki myndvörpu, svo sem ég áleit, er ég skrifaði listyrni mína, er birtist í blaðinu sl. þriðjudag.

Þykir mér rétt og skylt að leiðrétta það hér með og efa

ekki, að hún segi rétt, svo vel sem ég þekki heilindi hennar og vandaða manngerð.

Hitt er annað mál, að myndirnar hafa yfir sér svip myndvörputækninnar, enda hafa fleiri en ég haldið því fram opinberlega svo og í orðræðum manna á milli. Ekki veit ég, hvernig þetta er til komið eða hvaða tækni hún notar, en mér er vel ljós munurinn á staðlaðri myndvörpuvinnu og umbúðalausum lífrænum vinnubrögðum. Til að forðast miskilning á má það og koma fram, að ég er

eins langt frá því að vera á móti myndvörpum sem slíkum svo og öðrum tilfallandi hjálpartækjum og mögulegt er, — svo lengi sem þau eru notuð sem nauðsynlegt meðal en ekki takmark í sjálfu sér til léttfengins árangurs. Listamenn mega aldrei verða að þrælum tækninnar, því að það er andstæða skapandi kennda, sem eru grundvöllur allrar mikillar listar.

Listakonuna Ingunnur Eydal bið ég að sjálfsgöðu velvirðingar á mistökum mínum og óska henni allra heilla í framtíðinni.



Hjalte Bjarnason

legan áhuga á myndlist í teiknitímum hjá Guðmundi Guðmundssyni (ERRÓ) fyrir margt löngu.

Framlag hennar eru tvær bækur fyrir börn á svipuðum aldri svo og eitthvað eldri. Auðséð er á teikningum hennar, að hér er menntuð listakona á ferð er leggur sig mjög fram við að lifa sig inn í hugarheim barna. Þykir mér henni takast það vel því að yfir myndunum er sannverðugur og kíminn blær.


Þetta eru allt vel hannaðar bækur í hæfilegri stærð fyrir litlu lófana og ættu að gleðja yngstu lesendurna en fyrir þá er allt of lítið gert og verður aldrei af mikið gert — það er af og frá því að þeirra er framtíðin.

Maður þakkar fyrir gott framtak mæðginanna og Fjölvá-útgáfunnar og vonar að gangurinn verði sá, að áframhald þyki ómaksins vert.

Hans Hammarškiöld

Í anddyri Norræna hússins hefur að undanfögnu staðið yfir litil en mjög áhrifamikil sýning á ljósmyndum frá Gotlandi eftir þekktan sænskan ljósmyndara, **Hans Hammarškiöld** að nafni.

Hammarškiöld er menntaður ljósmyndari og hefur einnig um stund numið kvikmyndun, en lagði það fljótlega af til hags fyrir rannsóknir á sviði ljósmyndunarinnar. Hann hefur unnið á ýmsum ljósmyndastofum heima og erlendis og m.a. tekið myndir fyrir tískublaðið Vogue, sem hefur aðsetur í Lundúnum. Listamaðurinn hefur víða sýnt myndir sínar og hlotið margvíslegar viðurkenningar. Það skilur maður vel, er maður skoðar myndir hans sem opinbera næmt auga fyrir sérstæðum myndefnum, og allar eru myndir hans mjög vel unnar. Hreinar og tærar í formi og gersamlega lausar við alla sýndarmennsku. Gerandinn virðist öðru fremur vera maður, er leitar og finnur sérstæðar stemningar í náttúrunni, sem ríma við samsvarandi stemningar í honum sjálfum. Ég held, að heilmikið af skapgerð hans komi fram í myndunum, svo einlægur sem þær eru og vandvirknislega unnar. Eiginlega er erfitt að gera upp á milli þeirra, því að þær eru mjög jafngóðar og um leið fjölbreyttar um myndefni. Þó koma upp í huga mér, er ég rita þetta, stemningaríkar myndir svo sem „Fölrauða



húsið í Hamra“ (2), „Kirkjan og kastalinn í Sundre“ (12), „Sandkoli“ (14), „Við hús á Faludden“ (20), og „Gotlenzk afbrigði af sjávarbláma“ (23). Allt eru þetta sterkar myndir, lit- og formfagrar, og sandkolamyndin sýnir ljóslega, að maðurinn er jafnvígur í svart-hvítum myndum sem litmyndum. Þá er hann fjöl-

hæfur og hefur skrifað og myndskreytt bækur, samið kennslubók í ljósmyndun, gert bækur fyrir börn og gert „ljósmyndaleiki“ (bildspel).

Hér er því á ferð góður fulltrúi sænskrar menningar og ljósmyndari af hárrí gráðu. Sýningin er til mikillar þrýði í anddyrinu og til sóma fyrir Norræna húsið.

Hjalte Bjarnason

TAK og draugurinn

